

**9. fundur** Starfshóps um uppbyggingu á athafnasvæði Sörla, haldinn á Norðurhelli 2, þann 13. ágúst 2019, kl. 8:15.

---

**Viðstaddir voru.**

**Starfshópur.**

Helga Ingólfssdóttir, formaður  
Ómar Freyr Rafnsson  
Stefán Már Gunnlaugsson  
Halldóra Einarsdóttir  
Hrund Einarsdóttir forföll

**Með starfshópnum starfa:**

Sigurður Haraldsson Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu  
Geir Bjarnason Íþrótt- og tómstundarfulltrúi  
Sigríður Kristín Hafþórsdóttir Framkvæmdastjóri Sörla

---

Eftirfarandi var tekið fyrir.

**1. Lögð fram samþykkt bæjarráðs.**

Bæjarráð Hafnarfjarðar frá 11/7 2019 samþykkti að starfshópur um uppbyggingu á Sörlasvæðinu taki aftur til starfa og taki jafnframt til endurskoðunar þær tillögur að framkvæmdum sem komu fram í skýrslu starfshópsins og lögð var fram í apríl sl. Þessari vinnu verði lokið fyrir 15. september nk.

**2. Skýrsla starfshóps**

Helga Ingólfssdóttir fór yfir verkefnið og fór starfshópurinn yfir forgangsöröðun mannvirkja á svæðinu. Reiðhöllin er í forgang, síðan er félagsheimili og félagshesthús. Rætt var um ýmsa möguleika til að lækka kostnað. Með starfshópnum mun vinna Sigurður Þorvarðarson til að rýna kostnað og stærðir.

Fleira var ekki gert – næsti fundur verður fimmtudaginn 22. ágúst.

Fundi var slitið kl. 9:15.